

# FJÁRSTÝRING

OKTÓBER 2011

FAGRIT UM FJÁRMÁL FYRIRTÆKJA

## FJÁRSTÝRINGARTÍMARIT

IFS Ráðgjöf gaf út tímaritið Fjárstýring um nokkurt skeið, frá sumri 2004 til ársloka 2007. Tilgangur tímaritsins var að fylgjast með og upplýsa um það helsta sem var að gerast í fjárstýringarmálum erlendis og reynt að heimfæra á íslenskar aðstæður. Einnig var reynt að fræðast um hvernig fyrirtæki unnu sín fjárstýringarmál hér heima auk þess sem skoðað var hvernig þróun markaða var háttað og annað í þeim dúr.

Samtals voru gefin út 22 blöð á þessum tíma og var hvert þeirra um 20 bls. að lengd. Móttökur voru mjög góðar og gaman að vinna að þessu. Farið var á nokkrar erlendar ráðstefnur og skrifað um það sem efst var á baugi þar. Rætt var við fjármálastjóra og sérfræðinga á markaði.

Markmiðið með þessu var að reyna að búa til tímarit sem var mjög sérhæft inn á svið fjárstýringar og fjármálastjórnunar hjá fyrirtækjum og öðrum rekstraraðilum. Erlendis eru gefin út sambærileg tímarit og var þetta íslenska nálgunin af því. Fjármálastjórar og starfsmenn fjárstýringadeilda hafa vonandi séð kosti þess að hafa svona sérhæft tímarit sem skrifar eingöngu um málefni sem tengjast fjárstýringarmálum. Það var líka markmiðið að þau hafi fengið þá tilfinningu að þetta væri fagblaðið þeirra og tengdi þau að hluta við þetta fag.

Nú á að byrja aftur að gefa út tímaritið þó svo í aðeins breyttri mynd sé. Ekki verður lagt jafn mikið í prentun og áður og verður a.m.k. fyrst um sinn bara um netútgáfu að ræða. Einnig verða greinar birtar þegar þær verða tilbúnar í stað þess að safna þeim upp í heilt tímarit.

Vonandi upplifa forstjórar, fjármálastjórar og fjárstýringardeildir þessa útgáfu sem sitt plagg og geta tengt sig við hana með svipuðum hætti og kollegar erlendis.

IFS mun taka við áhugaverðum greinum til birtingar og hvetjum við fjármálastjóra og starfsmenn fjárstýringardeilda að birta greinar og miðla af sinni reynslu.

